

**Stofnanasamningur**  
**Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins**  
**og**  
**SFR stéttarfélags í almannajónustu**

### 1 Gildissvið

Samningur þessi tekur til allra félagsmanna í SFR sem starfa hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

### 2 Meginmarkmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- a. að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- b. að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- c. að launakerfið stuðli að uppbyggingu og viðhaldi á góðri þekkingu innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

### 3 Starfaflokkar og röðun

- 3.1** Forsendur starfaflokka (hópa) byggja m.a. á skipuriti, eðli starfa, ábyrgð og umfangi. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkswið. Röðun í starfaflokka skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvern starfaflokk:

<b>Starfaflokkur I</b>	<b>Lfl.</b>
• Almennur starfsmaður	7
• <b>Starfaflokkur II</b>	
Tanntæknir	8
• Móttökuritari, fulltrúi 1,	9
• <b>Starfaflokkur III</b>	
• Fulltrúi 2,	10
• Heilsugæsluritari 1	11
• Heilsgæsluritari 2 fulltrúi 3, umsjónarmaður.	12
• <b>Starfaflokkur IV</b>	
Skrifstofustjóri á starfsstöð,	14
• Iðnaðarmaður, tölvumaður 1.	16
• Sérfræðingur í stjórnslu, tölvumaður 2	19

- **Starf flokkur V**
  - Yfirmaður á stjórnsýslusviði. 26
  - Forstöðumaður 38
- **Starf flokkur VI**
  - Framkvæmdastjóri. 40

### 3.2 Starfsreynsla

Starfsmaður, sem er í starfi og hefur öðlast starfsreynslu hjá Heilsugæslunni, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

- Starfsmaður í starf flokki I-III með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- Starfsmaður í starf flokki I-IV með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.

Jafnframt er heimilt að meta starfsreynslu hjá öðrum ef talið er að hún nýtist í starfi og er því talin starfsreynsla hjá Heilsugæslunni að hluta eða öllu leyti.

### 3.3 Menntun/Starfsnám

- a) Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til við grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokk sem hér segir:
  - starfsmaður sem hefur lokið eins til þriggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk.
  - Móttökuritari sem lokið hefur sérstöku námi fyrir móttökuritarara hækki um 3 launaflokka.
- b) Starfsmaður í starf flokki I-IV, sem er í starfi og lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokk þegar 200 kennslustundum er náð.
- c) Starfsmaður í starf flokki I-IV, sem gerir undirritað samkomulag við HH um að taka þátt og vera virkur þátttakandi í starfsþróunarverkefninu “Heilsa” mun hækka í grunnlaunum í samræmi við neðangreindar forsendur:
  - Eftir 1 ár í starfsþróunarverkefninu hækkar starfsmaður um einn launaflokk.
  - Eftir 2 ár í starfsþróunarverkefninu hækkar starfsmaður um einn launaflokk.

### 3.4 Tölvuumsjón

- a) Starfsmaður sem hefur með höndum kerfisumsjón á starfsstöð raðist 3 lfl. hærra en grunnröðun
- b) Starfsmaður sem er staðgengill kerfisumsjónarmanns raðist 1 lfl. hærra en grunnröðun

### 3.5 Staðgenglar

Við það skal miða að formlegir staðgenglar raðist a.m.k. tveimur launaflokkum hærra en ella (miðað við grunnröðun). Um önnur atriði varðandi staðgengla gilda ákvæði í kjarasamningi aðila.

### 3.6 Annað

a) Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindra forsendna, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun:

- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi,
- starfsmaður sýnir sérstaka hæfni í starfi,
- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð,
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.

b) Heimilt er að semja við starfsmenn um að fastar greiðslur, sem eru ekki hluti af grunnlaunum, séu metnar sem forsendur til hækkunar í launaflokkum.

## 4 Endurskoðun

Endurskoðun á stofnanasamningi skal vera samkvæmt grein 11.4 í kjarasamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

## 5 Grundvöllur og gildistími

Samningur þessi er gerður á grundvelli kjarasamnings milli SFR fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, frá 9. mars 2005, sbr. gr. 11.1.1 í þeim samningi.

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Reykjavík, 22. júní 2006.

F.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

f.h. SFR

**Bókun  
með stofnanasamningi HH og SFR  
dags. 22. júní 2006.**

Aðilar eru sammála um varðandi útfærslu á ákvæði gr. 3.3.C skal starfsmaður sem tekur þátt í verkefninu “Heilsa” hækka um einn launaflokk frá 1. apríl 2007 og um annan launaflokk frá 1. apríl 2008.